

Foreldraráð Núps 2012-2013

Fundur 5, haldin á Núpi þann 4.apríl 2013.

Mættar: Ásdís Ýr, Eyrún María, Hlín, Hólfríður, Rebekka og Svana.

- 1) Rætt var um skipulag starfsdaga nk. vetur og drög að skóladagatali. Nk. tvö ár verða sex starfsdagar yfir árið hjá Kópavogsbæ og nk. vetur á Núpi verða teknir fimm heilir dagar, 8:00-16:00, samhliða starfsdögum Lindarskóla og svo tveir hálfir dagar yfir tímabilið. Breytingar á drögum skóladagatals Núps, nú settur inn kynningarfundur með foreldrum nýrra barna við leikskólann, haustdagur leikskólans og Vorhátíðin ekki tímasett.
- 2) Búið að ráða matráð við leikskólann sem hefur störf nú 2. júlí nk.
- 3) Leikskólinn fékk bækling frá Kópavogsbæ um helstu smitsjúkdómabarna sem á að vera aðgengilegur bæði foreldrum og starfsmönnum á leikskólum og hjá dagforeldrum. Þar eru m.a. upplýsingar um helstu einkenni, smitleiðir og meðgöngutíma sjúkdóma. Bæklingurinn verður aðgengilegur á heimasíðu Núps, sendur með tölvupósti til foreldra og sýnilegur á veggjum leikskólans.
- 4) Starfsmenn fara reglulega yfir lóð leikskólans hvað varðar öryggi og aðrar aðstæður og hefur gróður verið minnkaður frá sl. sumri og frekari breytingar fyrirhugaðar. Börnin sóttu nokkuð í runnanna og erfitt að fylgjast með þeim þar að sumri til, einnig reynt að koma í veg fyrir klifur á grindverkum og að ekki sé auðvelt að komast yfir þau.
- 5) Auglýst hefur verið í tvígang eftir deildarstjóra á Núpi en umsóknir ekki skilað sér enn og haldið verður áfram að auglýsa í samvinnu við Kópavogsbæ. Mannaráðningar fyrir haustið í ágætum farvegi.

Fyrir hönd foreldraráðs Núps,

Hlín Bjarnadóttir ritari.

